



Hafnarfjörður

Samþykki fyrir myndatöku og notkunar ljósmynda og/eða myndbands

Starfsmaður samþykkir hér með undirritun sinni að ljósmyndari á vegum Hafnarfjarðarbæjar hafi heimild til að taka ljósmyndir og/eða myndband af:

Nafn starfsmanns: _____

Myndefnið mun vera notað í markaðs- og kynningartilgangi. Á meðan myndatökur og/eða upptökur eiga sér stað getur starfsmaður bæði verið í for- eða bakgrunni myndfnis.

Ég veiti því Hafnarfjarðarbæ jafnframt leyfi til hverskonar notkunar á myndefninu til markaðssetningar og kynningar á starfsemi og þjónustu sveitarfélagsins. Ég gef samþykki mitt fyrir breytingum á myndum, styttingu á myndefni og birtingu myndefnisins í fjölbreyttum miðlum, svo sem í auglýsingum, bæklingum, veggspjöldum, vefsíðum og samfélagsmiðlum. Myndefnið verður ekki notað eða miðlað til þriðja aðila í öðrum tilgangi en hér greinir.

Samþykki þetta gildir í þrjú ár frá dagsetningu undirritunar, en Hafnarfjarðarbær getur óskað eftir leyfi til áframhaldandi birtingar og þá með nýju samþykki. Myndefnið verður varðveitt í gagnasafni Hafnarfjarðarbæjar í samræmi við lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014.

Samþykki þetta er veitt af fúsum og frjálsum vilja og er undirritaðri/undirrituðum ávallt heimilt að afturkalla samþykkið. Afturköllun samþykkis mun þó ekki hafa áhrif á þá vinnslu sem þegar hefur farið fram á þeim tíma er afturköllun á sér stað.

Öll vinnsla persónuupplýsinga á grundvelli þessa samþykkis skal vera í samræmi við gildandi persónuverndarlög. Um samþykki þetta gilda íslensk lög.

Staður og dagsetning: _____

Undirskrift starfsmanns: _____

Starfsstaður starfsmanns: _____

Netfang: _____